

ÁBENDING VEGNA VEÐLEYFIS

Mikilvægt er að sá sem veitir veðleyfi í eignum sínum (veðsali), geri sér eftirfarandi staðreyndir ljósar vegna lántöku hjá sjóðunum:

- Veðsetning er til tryggingar skilvísium og skaðlausum greiðslum af láni/skuldabréfi. Sá kostnaður samanstendur af afborgunum, vöxtum, dráttarvöxtum, vísitöluálagi og öðrum tilfallandi kostnaði.
- Allur mögulegur kostnaður af láni/skuldabréfi, er tryggður til allt að 30 ára með veðsetningu fasteignar.
- Greiði lántakandi ekki á réttum tíma og sé því kominn í vanskil eru ítrekanir sendar honum en ekki veðsala. Sé lán enn í vanskilum þrátt fyrir ítrekun um greiðslu, er send út aðvörðun um lögfræðilega innheimtu og afrit hennar sent til veðsala.
- Komi sú staða upp að greiðslum er ekki sinnt þrátt fyrir aðvaranir er samkvæmt heimild í skuldabréfinu farið fram á að þær fasteignir sem veðsettar hafa verið vegna lána séu seldar á nauðungaruppbóði.
- Greiði lánþegi ekki skuld sína þarf veðleyfisgjafi að greiða skuld lántakandans til að forðast uppboð á veðsettum eignum. Komið hefur fyrir að veðsalar hafa ekki séð sér fært að greiða skuldir lántaka og hafa í framhaldi af því misst eignir sínar á uppboði.

Að gefnu tilefni óskum við eftir að ofangreind atriði séu kunn þeim sem veðleyfi veitir, að ekki leiki vafi á þeirri skuldbindingu, ábyrgð og mögulegum afleiðingum sem slíku fylgir og að ákvörðun sé ekki tekin um veðleyfi nema mikið traust sé borið til þess aðila er lánið tekur.

Yfirlýsing

Ég undirrituð/ -aður veiti leyfi til veðsetningar eignar minnar vegna láns úr einum eftirtalinna sjóða

Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga

Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurborgar

Lífeyrissj. starfsm. Húsavíkurkaupstaðar

Lífeyrissj. Neskaupstaðar

og geri mér grein fyrir þeirri ábyrgð og skuldbindingu sem felst í veðsetningu eigna minna.

Fasteign: lántaki:

Eigandi fasteignar: kt.

Nafn maka: kt.

Staður: Dags:

Undirskrift